

LEIÐBEINGAR UM COVID-19 VACCINE MODERNA BÓLUEFNI
FYRIR HEILBRIGÐISSTARFSFÓLK



Embætti
landlæknis
Directorate of Health



LANDSPÍTALI

LEIÐBEININGAR UM COVID-19 VACCINE MODERNA BÓLUEFNI

- COVID-19 Vaccine Moderna, stungulyf ördreifa, COVID-19 mRNA (með kinnisbreytingum) verður dreift frá dreifingarfyrtækinu Distica
- Sprautur og nálar sem þarf til að draga bóluefnið upp úr hettuglasinu og gefa bóluefnið munu fylgja bóluefnasendingunni
- Hver bólusetningarstöð þarf að panta nálabox, plástra, sprittklúta, bakka, hanska o.fl. sem tilheyrir bólusetningu
- Hver bólusetningarstöð þarf að hafa neyðar-viðbragðssett við höndina til að geta brugðist við ofnæmisviðbrögðum (sjá upplýsingar um innihald viðbragðssetts og klínískar leiðbeiningar um bráðaofnæmiskast á vefsíðu landlæknis)
- Tóm hettuglös og notuð áhöld skulu sett í „sóttmengað-brennist“ poka. Ganga skal tryggilega frá því að öllum tónum bóluefna hettuglösum sé fargað á öruggan hátt. Tryggja þarf rekjanleika fjölda "sóttmengað-brennist" poka og/eða fjölda hettuglasa frá notkunarstað til förgunar



LEIÐBEININGAR UM COVID-19 VACCINE MODERNA BÓLUEFNI

GEYMSLUSKILYRÐI


- Tryggja skal geymslu bóluefna við rétt hitastig, í frysti, í kæli, í lyfjageymslum, þar sem bóluefni verða gefin og við flutning á milli heilbrigðisstofnana eða annarra staða þar sem bóluefnið verður gefið
- Ísskápur með hitamæli þarf að vera til staðar til að geyma bóluefnið
- Geyma skal bóluefnið í viðurkenndri læstri lyfjageymslu á milli daga
- Ef bólusettt er á stórum svæðum t.d. íþróttahúsi skal áætla hve mikið er bólusettt yfir daginn og taka dagskammt þangað, ekki geyma bóluefnið í íþróttahúsum yfir nótt



LEIÐBEININGAR UM COVID-19 VACCINE MODERNA BÓLUEFNI

GEYMSLUSKILYRÐI

- Bóluefnið berst frosið til landsins, en verður dreift í kæli-umbúðum (2- 8°C) frá dreifingaraðila. Ekki má geyma bóluefnið á þurrís
- Frá því að bóluefnið er tekið úr frysti, þá geymist það í kæli (2- 8°C), varið ljósi, í allt að 30 daga. Það tekur bóluefnið 2 klst. og 30 mínútur að þiðna í kæli. Aldrei má frysta bóluefnið aftur eftir píðingu
- Eftir að bóluefnið er tekið úr kæli, geymist órofið hettuglas í allt að 12 klukkustundir við hitastig frá 8-25°C
- Látið órofið hettuglas standa á borði við stofuhita í 15 mínútur áður en bóluefnið er dregið upp. Hringsnúið glasinu varlega áður en hver skammtur er dreginn úr því
- Sýnt hefur verið fram á efnafræðilegan og eðlisfræðilegan stöðugleika efnisins í 6 klst í kæli eða við stofuhita (við 2- 25°C) frá því að stungið er fyrst á glasið. Þegar búið er að stinga á hettuglasið til að draga upp fyrsta skammtinn skal út frá örverfræðilegu sjónarmiði nota bóluefnið í sprautunni tafarlaust



Gefa skal bóluefnið tafarlaust eftir að það er dregið upp úr glasinu

LEIÐBEININGAR UM COVID-19 VACCINE MODERNA BÓLUEFNI

MAGN

- Hvert hettuglas inniheldur 5 ml af stungulyfi, ördreiflu, sem gefur 10 skammta
- Yfirmagn er í hettuglasinu til að tryggja að 10 skammtar náist úr glasinu. Hristið ekki glasið, né þynnið innihaldið
- Hver skammtur er 0,5 ml sem er gefinn í vöðva. Tryggja þarf að magnið í sprautunni sé 0,5 ml af bóluefni til viðbótar því sem er í nálinni, nákvæmari leiðbeiningar, framleiðsluseðli verður dreift rafrænt
- Hver einstaklingur fær tvo skammta af bóluefni með 28 daga millibili

LEIÐBEININGAR UM COVID-19 VACCINE MODERNA BÓLUEFNI

FRAMKVÆMD:

1. Takið til allt sem þarf til að draga bóluefnið upp í sprautur
2. Útbúið hreint svæði
3. Takið til lyf fyrir hverja lotu
4. Skráið hvenær lyfið er tekið úr kæli
5. Látið órofið hettuglas standa á borði við stofuhita í 15 mínútur áður en bóluefnið er dregið upp
- 6. Hringsnúið glasinu varlega áður en hver skammtur er dreginn úr því**
7. Sé ekki dregið upp í allar 10 sprauturnar í einu þarf að skrá hvenær glasið er rofið. Ef færri en 10 skammtar eru teknir úr glasinu þá skal taka nálina úr glasinu og nota nýja nál þegar stungið er á aftur. Sprittið hettuna á glasinu fyrir hverja ástungu
8. Gangið frá fyrirfram ákveðnu magni af tilbúnum sprautum að hámarki 10 sprautur. Notið það sem dregið hefur verið upp, tafarlaust
9. Kvittið á alla miða og merkið hvern poka
10. Kvittið á framleiðsluseðil
11. Einn framleiðsluseðil þarf fyrir hverja vinnulotu hvers starfsmanns/starfsmanna

LEIÐBEININGAR UM COVID-19 VACCINE MODERNA BÓLUEFNI

NAUÐSYNLEGUR BÚNAÐUR

FYRIR HVERT GLAS AF BÓLUEFNI

- 10 x 1ml eða 2 ml sprautur til bólusetningar
- 1 græn (bleik) nál
- 10 öryggisnálar
- 1 sprittklút

Fjöldi áhalda miðast við að allir skammtar sér teknir úr glasinu á sama tíma

FYRIR HVERJAR 10 TILBÚNAR SPRAUTUR MEÐ BÓLUEFNI

- 1 Bakki
- 1 Plastpoki með rennilás
- 2 Límmiðar
- 1 Par hanskar

FYRIR HVERJA VINNULOTU STARFSMANNNS

- 1 Framleiðsluseðill
- 1 Hreint undirlag

LEIÐBEININGAR UM COVID-19 VACCINE MODERNA BÓLUEFNI NAUÐSYNLEGUR BÚNAÐUR

Merking á glös

COVID-19 Moderna bóluefni _____ skammtar

Lota _____ Fyrnist _____

Tekið úr kæli _____

dags. _____ kl. _____

Geymist í kæli í allt að 30 sólarhringa, varið ljósi, eftir að tekið er úr frysti

Notist ekki síðar en dags. _____ kl. _____

Merking á poka með 10 sprautum

• **COVID-19 Moderna bóluefni 10 skammtar**

• Lota _____ Fyrnist _____

• Dregið upp _____ kl. _____

• **Notist tafarlaust**

• Framkvæmt af _____ / _____

Merking á rofið glas

Rofið dags. _____ kl. _____

Notist ekki síðar en kl. _____



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

